

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarskrifstofu Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 29. janúar 2025

Efni: Beiðni um samþykki fyrir endurfjármögnun

Með vísan til fjárhagsáætlunar SORPU bs. fyrir árið 2025 og bókunar stjórnar á fundi nr. 510 þann 15. janúar 2025, er óskað eftir samþykki bæjarráðs fyrir endurfjármögnun á eingreiðsluláni SORPU bs. hjá Íslandsbanka.

Í fjárhagsáætlun SORPU bs. fyrir árið 2025, sem samþykkt var á 507. stjórnarfundi þann 18. október 2024 og á 51. eigendafundi þann 25. október 2024, er gert ráð fyrir endurfjármögnun umrædds láns. Um er að ræða endurfjármögnun láns nr. 505200687 sem tekið var hjá Íslandsbanka þann 20. febrúar 2019 að fjárhæð 666.666.670 kr. Lánið gjaldfellur þann 5. júní 2025 og ber núverandi vaxtakjör upp á 10,75%.

SORPA bs. hefur tryggt sér lánsloforð frá Lánasjóði sveitarfélaga (LSS) með eftirfarandi kjörum:

- Vaxtakjör: 4,2% verðtryggt
- Lánstími: 15 ár
- Heildarkostnaður: 872 milljónir króna að viðbættum verðbótum
- Árleg greiðslubyrði árið 2026: 72 milljónir króna að viðbættum verðbótum


Lagt er til að lánið verði endurfjármagnað hjá LSS, sem býður mun hagstæðari vaxtakjör en núverandi lán hjá Íslandsbanka.

Beiðni um afgreiðslu:

Samkvæmt framansögðu er farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins. Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi gögnum.

Jafnframt óskum við eftir því að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins berist í netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is, eigi síðar en 21. febrúar nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is

Virðingarfyllst,


Jón Viggo Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Meðfylgjandi:

- Minnisblað um endurfjármögnun eingreiðsluláns
- Fundargerð 510. fundar stjórnar SORPU bs.